

Fundargerð

Árið 2024, fimmtudaginn 7. nóvember kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í sendiráði Íslands í Brussel.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir

27. september, 4. október og 30. október

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir frá 27. september, 4. október og 30. október.

Fundargerð frá 27. september samþykkt með breytingum. Fundargerðir frá 4. og 30. október samþykktar án athugasemda.

2. Samband íslenskra sveitarfélaga

Umsókn um framlag vegna starfsemi í Brussel

Lagt var fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 21. október 2024, um framlengingu samkomulags innviðaráðuneytisins vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambandsins.

Framlengingin sem um ræðir nær til árána 2025-2029 og óskað er eftir allt að 24 m.kr. árlegu framlagi og að 70% framlagsins taki breytingum skv. launavísitölu og að 30% taki mið af þróun meðalgengis íslensku krónunnar gagnvart evru frá mánuði til mánaðar.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja framlagið á grundvelli framlaga til sérstakra verkefna, sbr. 7. gr. e.- liðar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018

3. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Sóknaráætlanir – greinargerðir

Samþykkt var á fundi ráðgjafarnefndar 28. júní 2024, framlag til landshlutasamtaka að fjárhæð 49,3 m.kr. til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna vegna samstarfsverkefna sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði þeirra. Í framhaldi var óskað eftir greinargerð fyrir árið 2024 og kostnaðaráætlun.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 24. október 2024, um sóknaráætlun landshluta 2024. Jafnframt voru lagðar fram greinargerðir frá öllum landshlutasamtökunum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er með á árinu 2024 ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

4. Sameining sveitarfélaga

Húnabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Húnabyggð, dags. 29. október 2024, þar sem óskað var eftir að sameiningarframlög Skagabyggðar upp á 114.000.000 kr. verði greitt til sveitarfélagsins í eingreiðslu í stað þess að dreifa framlaginu á fleiri ár.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að hafna erindinu og verður framlagið greitt næstu ár samkvæmt reglum nr. 782/2020.

Borgarbyggð og Skorradalshreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi, dags. 4. september 2024, þar sem óskað var eftir framlagi vegna kostnaðar við undirbúning tillögu að sameiningu sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafa skipa tvo fulltrúa í samstarfsnefnd í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga. Að mati samstarfsnefndarinnar er áætlaður kostnaður við að kanna hagkvæmni sameiningar, kynna sameiningartillögu fyrir íbúum og framkvæma atkvæðagreiðslu um 25,7 m.kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja framlag að fjárhæð 25,7 m.kr. vegna sameiningaviðræðnanna.

5. Erindi frá sveitarfélaginu Árborg

Kostnaður v/grunnskólanemenda frá Grindavík

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélaginu Árborg, dags. 22. október 2024, þar sem sótt er um sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði á grundvelli 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og 1. mgr. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarfélagið Árborg hefur tekið þátt í því að tryggja grunnskólabörnum með lögheimili í Grindavík lögbundna þjónustu. Í tilfalli Sveitarfélagsins Árborgar er um að ræða kostnað samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga upp á 26.127.856 kr. en greiðslutillaga Grindavíkur hljóðar upp á 7.838.357 kr. Sækir sveitarfélagið því um sérstakt framlag úr

Jöfnunarsjóði sem nemur mismuni á viðmiðunargjaldskrá og greiðslutillögu Grindavíkur, samtals að fjárhæð 18.289.499 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að hafna erindinu þar sem ekki var talið að mismunurinn á viðmiðunarfrárhæðinni og tillögu Grindavíkurbæjar hafi verulega íþyngjandi áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

6. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT)

Leiðrétting fyrstu áætlunar framlaganna 2025

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 31. október 2024. Um er að ræða leiðréttingu á 1. áætlun ÍSAT framlaga ársins 2025. Akureyrarbær hafði við upprunalega gagnasöfnun vegna áætlunarinnar láðst að telja til 43 nemendur sem þurfa á móðurmálskennslu að halda. Við þetta hækka framlög til Akureyrarbæjar um 9.409 þús. krónur og heildarfjárhæð framlaganna um sömu upphæð. Nema framlög vegna íslensku sem annað tungumál árið 2025 því 950.485 þúsundum króna. Framlög til annarra sveitarfélaga eru óbreytt.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja leiðrétta áætlun fyrir árið 2025.

7. Tónlistarframlög – 1. grein

Leiðrétting vegna söngskólans í Reykjavík

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 30. október 2024. Um er að ræða leiðréttingu á 1. gr. tónlistarframlaga 2024-2025. Byggt á upplýsingum um nemendaskrá og fjölda kennslustunda úthlutar Jöfnunarsjóður styrktarframlagi til sveitarfélaga vegna kennslu nemenda í tónlistarskólum. Komið hefur í ljós að í þeim gögnum sem bárust frá Söngskóla Reykjavíkur hafi nemendur skólans verið vantaldir um 21 nemanda. Reykjavíkurborg sendi í kjölfarið uppfært skjal og óskaði eftir því að tónlistarframlögin yrðu endurskoðuð með tilliti til réttis nemendafjölda í Söngskóla Reykjavíkur.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja leiðrétta áætlun fyrir 2024-2025

8. Fasteignasjóður

Reykjavíkurborg aðgengismál

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 20. september 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna framkvæmda við þrjú salerni í ráðhúsi Reykjavíkurborgar. Úrbæturnar fólust m.a. í stækkun salerna og fleiru til að gera þau aðgengilegri fötluðu fólki. Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 31.548.910 kr.

Sótt er um á grundvelli b. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 15.774.455 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlög að fjárhæð 15.774.455 kr. vegna framkvæmdanna.

Brák

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað, dags. 17. október 2024, um stofnframlag vegna búsetuúrræðis á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að fresta afgreiðslu og starfsmanni falið að vinna málið milli funda.

Átak í aðgengismálum fatlaðs fólks – framlenging verkefnisins 2025/2026

Tekið var til umfjöllunar framlög úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála. Ásókn sveitarfélaganna vegna aðgengisframlaga fyrir árin 2023/2024 hefur verið í minna lagi og því er ekki talið nauðsynlegt að veita meira fjármagni í verkefnið. Framlög vegna átaks í aðgengismálum fatlaðs fólks eru sveitarfélögunum mikilvæg. Skoða skuli framlengingu verkefnisins fyrir árin 2025/2026.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fela starfsmönnum að vinna málið áfram.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 11:43.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir